


## SÓLVANGUR HJÚKRUNARHEIMILI 2016

### FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

<b>Framkvæmdaraðili:</b>	Hafnarfjarðarbær			<b>Fundur nr. :</b>	<b>54</b>	
<b>Verktaki:</b>	Munck Íslandi ehf					
<b>Fundarstjóri:</b>	Hilmar Ástþórsson		<b>Fundarritari:</b>	Hilmar Ástþórsson		
<b>Fundarstaður:</b>	Verkstað					
<b>Pátttakendur:</b>					24.07.2019	
Ásthildur Helgadóttir	(ÁH)	Munck	<a href="mailto:asthildur@munck.is">asthildur@munck.is</a>	620 8009	<b>Frá kl. :</b>	8:30
Theodór Sólonsson	(TS)	Munck	<a href="mailto:teddi@munck.is">teddi@munck.is</a>	842 2142	<b>Til kl. :</b>	10:15
Jón Ingi Guðmundsson	(JIG)	Munck	<a href="mailto:joningi@munck.is">joningi@munck.is</a>	894 6488		
Þorvarður Kristófersson	(ÞK)	Munck	<a href="mailto:thorvardur@munck.is">thorvardur@munck.is</a>	842 2180		
Gísli Ó. Valdimarsson	(GÓV)	VSF	<a href="mailto:gisli@vsb.is">gisli@vsb.is</a>	660 8612		
<b>Dreifing:</b>	Fundarmenn				<b>Næsti fundur:</b>	
Arnar Smári Þorvarðarson	(ASP)	Verkís	<a href="mailto:ast@verkis.is">ast@verkis.is</a>	892 3935	<b>Miðvikudaginn</b> <b>7.ágúst 2019, kl</b> <b>8:30 á verkstað.</b>	
Stefán Sigurðsson	(SS)	Munck	<a href="mailto:stefan@munck.is">stefan@munck.is</a>			
Stefán Veturliðason	(SV)	VSF	<a href="mailto:stefan@vsb.is">stefan@vsb.is</a>	660 8606		
Örn Guðmundsson	(ÖG)	VSF	<a href="mailto:orn@vsb.is">orn@vsb.is</a>	660 8609		
Sólveig Björk Ingimarsdóttir	(SBI)	VSF	<a href="mailto:solveig@vsb.is">solveig@vsb.is</a>	660 8638		
Sigurður Haraldsson	(SH)	Hfj.bær	<a href="mailto:siggih@hafnafjordur.is">siggih@hafnafjordur.is</a>	664 5631		
Verkkaupi setur fundargerð á vef Hafnarfjarðar og verður hún þar með opinbert gagn.						



Ljósmyndir af verkstað.





**Nr. FUNDARGERÐ:** **Frestur:** **Ábm.:**  
*Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.*

**1. Fundargerðir.**

Fundargerð síðasta verkfundar, nr. 53 var yfirfarin og undirrituð.  
Haldnir hafa verið 35 rýnifundir og eru gerðar um þá sér fundargerðir.

**2. Umsjón verkkaupa.**

*Umsjón verkkaupa er :*

*Verkefnisstjóri: Stefán Veturliðason (VSB)*  
*Byggingastjóri: VSB verkfræðistofa, umsj. Gísli Ó Valdimarsson*  
*Umsjónarm. eftirlits: Arnar Smári Þorvarðarson (Verkís)*  
*Eftirlit: Hilmar Ástþórsson (Verkís)*

Arnar Smári Þorvarðarson er í frí, kemur aftur til vinnu 6. ágúst.  
Sólveig er farin í frí, kemur aftur til vinnu 14. ágúst.

**3. Umsjón verktaka.**

*Umsjón verktaka er :*

*Verkefnastjóri: Stefán Sigurðsson*  
*Staðarstjóri: Ásthildur Helgadóttir*  
*Verkstjóri: Theodór Sólonsson, Þorvarður Kristófersson*  
*Jarðvinna: Einar Þór Stefánsson*  
*Tæknimaður: Jón Ingi Guðmundsson*  
**Gæðastjóri: Liggur ekki fyrir.**  
(Sigurbjörn Bárðarson er hættur störfum hjá Munck.)

**4. Tryggingar.**

*Verktrygging – Trygging liggur fyrir og er hluti samningsgagna.*  
*Ábyrgðatryggingar - Staðfesting liggur fyrir frá tryggingafélagi að trygging sé í gildi.*

Verkkaupi hefur upplýst eftirlit að mannvirkið og byggingarefni á verkstað sé brunatryggt. Skilmálar liggja ekki fyrir hjá eftirliti.

**5. Öryggisráðstafanir/öryggismál.**

Verktaki hefur undanfarið unnið að því að fjarlægja vinnugirðingar umhverfis vinnusvæði.

**6. Undirverktakar/meistarar.**

Undirverktakar:

- *Pípulagnir: Pípulagningameistarinn ehf.*
- *Uppsláttur og uppsteypa veggja: Roko (Pólskt fyrirtæki)*
- *Blikksmíði og loftræsting: Stjörnuþlíkk ehf.*
- *Raflagnir: Tengill ehf.*
- *Járnbending: Járn SFM ehf*
- *Flotlöggn gólfa: Flotun ehf, Guðmundur Björnsson*
- *Málari: Jón og Marteinn málningarþjónusta ehf*
- *Steinslípun: Litli klettur*
- *Asfaltdúkur: Tambi*
- *Gluggar: Alu plus*
- *Álklæðning: OSS - One Stop Shop*



- *Innréttingar: BIK*
- *Lóðarfrágangur: Krafla ehf.*
- *Léttir gífsveggir og loft: Íslandssmiðar*
- *Gólf- og veggdúkar: OG slf.*
- *Gólfílagir baðherbergja: JK Múr*
- *Fólkslyftur: Kone*
- *Gluggafrágangur að innan: SS Múr*
- *Flóttastigar: Vélsmiðja Konráðs*
- *Steðji: málsmiði súlna í tengigangi*
- *Ístak: suðumenn í súlum tengigangi*
- *Stálsmiði: Tækni ehf*
- *Þakfrágangur: Höfuðverk*
- *Hurðásetning: Þráinn Smiður ehf*

#### **lönmeistarar:**

- *Pípulagningameistari: Magnús Kristinsson*
- *Húsasmíðameistari: Tómas Haukur Tómasson*
- *Raflagnameistari: Haraldur Jón Arason*
- *Blikksmiðameistari: Finnbogi Geirsson*
- *Dúklagningameistari: Örn Gunnarsson*
- *Múrarameisterari: Yngvi Eiríksson*
- *Málarameisterari: Ágúst Garðarsson*

#### **7. Aðstaða verktaka.**

Nýbygging er alfarið kynt með ofnum, hitakerfi hússins.

Verktaki horfir til þess að hefja niðurtekt á vinnubúðum/vinnuskúrum sínum fljótlega, þar með er hægt að klára lóðarfrágang á því svæði. Rætt um að mögulegt sé að koma fyrir gámum tímabundið fyrir á grassvæði til hliðar við vinnubúðir (við Tjarnarbraut). Lagt upp með að verktaki leggi undir sig húsvarðarherbergi og geymslu í kjallara til verkloka, annars vegar fyrir skrifstofu stjórnenda og hins vegar fyrir kaffiástöðu. Umrædd rými eru nánast fullfrágengin (búið að dúkleggja, mála og ganga frá kerfislofti).

#### **8. Athafnasvæði.**

*Verktaki hefur komið fyrir 3 nýjum geymslugámum á vestanverðri lóð til að geta minnkað aðstöðu innanhúss.*

Athafnasvæði er að breytast í hefðbundna lóð, lóðarfrágangur er vel á veg kominn og verktaki hefur verið að fjarlægja vinnugirðingar umhverfis vinnusvæði.

*Umferðareyja/gras við bílastæði Hörðuvalla (leikskóla) er illa farin eftir þungaumferð þar um. Vinna þarf úrbætur þar á. Er í vinnslu, verið að undirbúa að steypa kantstein.*

*Verktaki sér til þess að gangstétt og gata við Tjarnarbraut sé hreinsuð af og til, sandur/möl berst nokkuð af verksvæði. Verktaki er búinn að sópa/hreinsa göngustíg.*



**9. Veitustofnanir.**

**Heimæðar, rafmagnsheimtaug og samskiptastrengir :**

*Heimæðar fyrir bæði heitt og kalt vatn hafa verið lagðar inn í nýbyggingu. Uppsetningu aðaltöflu er lokið og var hleypt á aðaltöflu 07.09.2018. Bæði Míla og Gagnaveita hafa lagt ídráttarrör sín inn í nýbyggingu. Ekki þarf símalínu fyrir lyftur, þar sem þær eru með GSM símabúnað. Hins vegar þarf símalínu vegna brunaviðvörðunarkerfis. Það liggur fyrir að ekki verði lagður símastrengur/kopar inn í nýbyggingu. Fjarskiptastrengur verður lagður í þegar niðurkomin ídráttarrör (Gagnaveita og Míla). Gagnaveita er búin að blása inn fjarskiptastreng, splæsa og tengja (tengivinnu lauk föstudaginn 19. Júlí 2019).*

**10. Samstarf við aðra.**

*Farið verður að huga að tengingu nýbyggingar við eldri byggingu (á 1.hæð tengigangs). Búið er að saga/opna á milli nýbyggingar og eldri byggingar í tengigangi 1.hæðar. Eftir stendur að ljúka fullnaðarfrágangi í kringum nýtt hurðargat, þ.e. málun veggja, frágangur á loftum, raflagnir aðgangsstýringa og frágang/þéttingu með eldri glugga. Búið er að fjarlægja stofnlögn sem kom í ljós þegar opnað var á milli bygginga.*

Vinna Titus við uppsetningu á brautum lyftibúnaðar í íverurýmum er lokið.

*Hafnarfjarðarbær hefur samið við Securitas um útvegum og uppsetningu á aðgangsstýringarkerfi í nýbyggingu. Verður unnið í fullu samráði við aðalverktaka (Munck) líkt og rætt hefur verið um og bókað í rýnifundargerðum. Verktaki hefur lokið við að bora fyrir nýjum dósum en ídráttur strengja er ekki hafinn, en búið er að leggja innan hurðarkarma fyrir rafdrifnar pumpur.*

Verktaki hefur ekki fengið staðfestingu á dagsetningu afhendingar á rafdrifnum hurðarpumpum frá birgja, eru í sendingu. Bið eftir rafdrifnum hurðarpumpum er flöskuháls, óskað eftir að verktaki upplýsi um staðfestan afhendingartíma þegar hann liggur fyrir.

Rekstaraðili (Sóltún Heima) hefur flutt inn rúm og náttborð inn í íverurými. Þá hefur Hafnarfjarðarbær komið með 42 stk af baðskápum (inn í íverurými) og sett upp.

*Verktaki ítrekar að honum sé tilkynnt/upplýstur um fyrirhugaðar heimsóknir á verkstað og áréttar að notkun öryggisfatnaðar á verkstað sé framfylgt í heimsóknnum.*

Formleg opnun nýbyggingar var haldin 17. júlí 2019 og í kjölfarið var opið hús fyrir almenning, heppnaðist vel til.

**11. Gæðamál.**

*Verktaki hefur afhent gæðahandbók (barst 23.02.2018).*

**12. Vinnutími.**

Daglegur vinnutími á virkum dögum er frá 07:00 til 18:00 en á laugardögum frá 09:00 til 16:00. Einnig hefur verið unnið tilfallandi um helgar og frameftir degi.



### 13. Mannafli og tæki frá síðasta verkfundi.

Tæki á verkstað	
Skotbómulyftari	2
Hjólagrafa	0-1
Vörubíll með krana	0-1
Loftpressa (eftir þörfum)	0
Byggingarkrani (Liebherr 81k)	0
Tækja og geymslugámar	4
Hefill	0
Valtari	0
Jarðvegsþjappa	1
Minigrafa	0
Efnisgámar – Timbur/stál/annað	3
Vinnupallar á hluta húss	1/4
Spjót	1
Vörubílar	0
Bobcat	1
Saxlyfta	1

Mannafli á verkstað	
Staðarstjórari	1
Verkstjórar	2
Tæknimaður	1
Mælingarmaður	0-1
Smiðir	6
Múrarakar	0-3
Jarðvinna	0-2
Verkamenn	3
Rafvirkjar	5
Píparar	3
Blikkarar	0-2
Málarar	3
Kjarnaborun	0-2
Pappalögn	0
Gluggaísetning	0
Lóðarfrágangur	6
Utanhússklæðning	6
BIK innréttingar	0
Lyfta Kone	0-2
Dúkarar	2
Ísetning innihurða	1
Þakfrágangur	0
<b>Samtals:</b>	<b>39-51</b>

### 14. Dagskýrslur.

Verktaki hefur sent dagskýrslur til og með 2019-05-31. Verktaki kemur til með að senda þær dagskýrslur sem upp á vantar.

### 15. Veðurfar.

Frá síðasta verkfundi hefur veður verið gott.

### 16. Verkstaða – áætlanir, næstu verk.

#### Verkstaða:

##### Aðstaða

Aðstöðusköpun er lokið.

##### Jarðvinna

Jarðvinnu er lokið.

##### Burðarvirki

Burðarvirki er lokið.


##### Lagnir

Lagnavinnu utanhúss og snjóbræðslulagna er lokið.

Lokið er að steypa með lögnum í lóðréttum hæðarskilum.

Vinnu við tengigrind og í sprinklerklefa er lokið.

Þrýstiprófunum er lokið.



	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Fráveitulagnir	100%	100%	100%	100%	-
Vatnsúðalagnir	95%	100%	100%	100%	100%
Hitalagnir	100%	100%	100%	100%	-



<i>Gólfhitalagnir</i>	100%	100%	100%	100%	-
<i>Ofnar</i>	95%	100%	98%	98%	100%
<i>Neysluvatnslagnir</i>	95%	100%	100%	98%	-
<i>Vatnskassar salerna</i>	100%	100%	100%	100%	-
<i>Sprinklerstútar</i>	80%	100%	100%	100%	-

#### Raflagnir

Vinna við raflagnir í lóð er lokið.

Búið er að leggja hringjörð jarðskauts (eftir að mæla það).

Uppsetning og tengivinna rafmagnstafla er lokið.

Uppsetning fólkslyfta er langt komin, um 98% lokið. Búið er að dúkleggja innan lyftustóla.

	<b>Kjallari</b>	<b>1.hæð</b>	<b>2.hæð</b>	<b>3.hæð</b>	<b>4.hæð</b>
<i>Vinnulýsing</i>	100%	100%	100%	100%	-
<i>Raflagnastigar</i>	100%	100%	100%	100%	-
<i>Röralagnir (léttir veggir)</i>	100%	100%	100%	100%	-
<i>Útdráttur lágspenna</i>	100%	100%	100%	100%	100%
<i>Útdráttur smáspenna</i>	85%	100%	100%	100%	100%
<i>Aðalstofnar</i>	100%	100%	100%	100%	100%
<i>Brunakerfi strengir</i>	100%	100%	95%	100%	100%
<i>Upps. tengla og rofa</i>	80%	100%	100%	100%	-
<i>Upps. Lampa</i>	50%	100%	100%	100%	100%

#### Frágangur utanhúss

Frágangi þakflatar er lokið.

Á suður-, norður- og austurhlið er einangrun útveggja og vinna við múrkerfi langt komin.

Uppsetningu svalahandriða er lokið.

Skyggni yfir svölum; búið er setja upp sperrur, krossviðsklæða og pappaleggja. Komið er vel á veg að setja timburgrindur neðan á svalaloft og klæðningavinna komin vel á veg.

Uppsetningu gluggakerfis og glerjun tengigangs er lokið, ein rúða brotnaði og þarfnast útskipta, verður gert í vikunni.

	<b>Vesturhlið</b>	<b>Austurhlið</b>	<b>Norðurhlið</b>	<b>Suðurhlið</b>
<i>Þetta lárétt steypuskil</i>	100%	100%	100%	100%
<i>Gluggasetning</i>	100%	100%	100%	100%
<i>Einangrun útveggja</i>	100%	100%	100%	100%
<i>Festivinklar klæðninga</i>	100%	100%	100%	100%
<i>Leiðarar og undirkerfi</i>	100%	100%	100%	100%
<i>Álklæðning</i>	99%	99%	99%	99%

#### Frágangur innanhúss

Í baðaðstöðu í kjallara er búið að hlaða veggi, múra og sparsla.

Allar innihurðir eru komnar á verkstað og unnið að ísetningu þeirra. Verktaki hefur fengið 5 nýjar innihurðir á verkstað (sem framleiddar voru vitlausar).

	<b>Kjallari</b>	<b>1.hæð</b>	<b>2.hæð</b>	<b>3.hæð</b>	<b>4.hæð</b>
<i>Innveggir (grindur)</i>	100%	100%	100%	100%	-
<i>Innveggir (einföldun)</i>	100%	100%	100%	100%	-
<i>Innveggir (Tvöföldun)</i>	100%	100%	100%	100%	-
<i>Veggir með skalkossum</i>	-	100%	100%	100%	-
<i>Gífsbitar</i>	100%	100%	100%	100%	-
<i>Steinslípun</i>	100%	100%	100%	100%	100%
<i>Föst gífsloft</i>	100%	100%	100%	100%	-
<i>Sandspörslun</i>	100%	100%	100%	100%	100%
<i>Sparslvinna innveggir</i>	100%	100%	100%	95%	-
<i>Rykbinding</i>	100%	100%	100%	100%	-



Málun	70%	100%	100%	100%	90%
Múrviðgerðir	100%	100%	100%	100%	-
Gífsafklæðning innr.	100%	100%	100%	100%	-
Innréttingar íverurými	-	100%	100%	100%	-
Múrhúðun gluggakanta	100%	100%	100%	100%	100%
Festingar fyrir lyftib.	-	100%	100%	100%	-
Kerfisloft	70%	100%	100%	100%	97%
Dúklögn íverurýma	-	100%	100%	100%	-
Dúklögn baðherbergja	-	100%	100%	100%	-
Dúklögn veggja baðh.	-	100%	100%	100%	-
Dúklögn annarra rýma	70%	100%	100%	100%	-
Innihurðar íverurýma	-	100%	100%	100%	-
Aðrar innihurðar	-	100%	100%	100%	-

#### Flotun gólfa:

Flotun er lokið.

#### Loftræsing:

Uppsetning loftræsikerfis er lokið. Gangsetning og prófanir eftir.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Stofnlagnir	100%	100%	100%	100%	-
Útsogsstokkar	100%	100%	100%	100%	-
<b>Ferskloftsventlar:</b>					
Steypa í núverandi göt	-	100%	100%	100%	-
Kjarnaborun	-	100%	100%	100%	-
Asfalt yfir núverandi göt	-	100%	100%	100%	-
Ísetning ferskloftsventla	-	100%	100%	100%	-

#### Lóðarfrágangur:

Búið er að setja upp ljósastaura.

Búið er að koma fyrir djúpgámum og hellulögn umleykis þá er lokið.

Búið er að malbika bílastæði (02.09.2018) og steypa kantstein (09.10.2018).

Hellulögn er lokið.

Vinna við timburpall er lokið.

Lóðarfrágangur á norð-vestur horni er langt kominn. Búið er að malbika stíg og endurgera álfastein og hraunfláa.

Landslagsmótun og þökulögn er langt komin á suðurhlið (þ.e. vestan tengigangs).

#### Eldri húshlutar:

Búið er að fjarlægja klæðningu útveggja Sólvangs þar sem tengigangur leggst að, gert 7.-8. Apríl (2018).

Vinnu við klæðningu á veggskífu þar sem tengigangur leggst að eldri byggingu er lokið og búið að setja upp eldri klæðningu að mestu leyti (sem tekin var niður á sínum tíma).

**Næstu verk:** (2 vikur, eða að næsta verkfundi)

#### Aðstaða

Taka niður og fjarlægja vinnubúðir.

#### Jarðvinna

Ekkert bókað, verkþáttum lokið.

#### Burðarvirki

Ekkert bókað, verkþáttum lokið.

#### Lagnir

Unnið að uppsetningu sprinklerstúta í kjallara.



Unnið að uppsetningu hreinlætistækja í kjallara.

#### Raflagnir

Ljúka við tengivinna, frágang strengja inn í töflur.

Klára uppsetningu tengla og rofaísetningu.

Ljúka við uppsetningu lampa í kjallara.

#### Loftræsilagnir

Unnið að stillingu kerfa.

#### Frágangur utanhúss

Vinna að yfirborðsfrágangi svalagólfa.

Vinna áfram að uppsetningu áklæðningar og vinna áfram að uppsetningu timburklæðningar undir svölum.

#### Frágangur innanhúss

Vinna að uppsetningu á burðarkerfi og kerfisloftaplötum í kjallara.

Unnið að málun.

Vinna að dúklögn í kjallara.

Unnið að ísetningu innihurða í kjallara.

#### Lóðarfrágangur

Ljúka við yfirborðsfrágang lóðar norðan og vestan við hús.

## 17. Verkáætlun.

*Verktaki hefur uppfært verkáætlun, sem var afhent þann 21. maí 2019.*

*Í nýrri verkáætlun eru tvær dagsetningar, sem eru verklok tveggja áfanga;*

*Til samræmis við samkomulag verkkaupa og verktaka átti að skila fyrsta áfanga þann 28.júní 2019, þ.e. 1-3 hæð. Það gekk ekki eftir, verktaki kappkostar við að ljúka fullnaðarafrágangi á umræddum hæðum eins fljótt og kostur er og hefur verið að fjölga mannafla á verkstað eins og hægt er.*

*Verktaki hefur lagt fram nýja endurskoðaða tímaröð afhendingar á rýmum/húshlutum (05.07.2019);*

- 10. Júlí 2019: 1. og 2.hæð.*
- 12. Júlí 2019: 3.hæð vesturálma og 1.hæð tengigangs.*
- 17. Júlí 2019: 3.hæð að fullu tilbúin.*
- 1. ágúst 2019: Stigangur, kjallari og tengigangur á 2 – 4.hæð.*

Ofangreindar dagsetningar stóðust að mestu leyti, formleg opnunaráttíð var haldin þann 17. júlí 2019 og voru þá 1.hæð-3.hæð og stigangur tilbúinn að mestu leyti. Verktaki vinnur áfram hörðum höndum að ljúka óloknum verkþáttum. Áfram er stefnt að því að öll rými/húshlutar verði tilbúin til afhendingar verkkaupa 1. ágúst 2019, verktaki sér ekkert því til fyrirstöðu að hafa lokið verkþáttum fyrir þann tíma. Úttektum er ekki lokið.

Áréttað við verktaka að hann upplýsi um, komi til þess að hann sjái ekki fram á að standa við ofangreinda dagsetningu. Lögð verði áhersla á að ljúka verkþáttum eins fljótt og nokkur kostur er.

## 18. Hönnun (breytingar).

*Sammælst hefur verið um að hittast eftir þörfum á verkstað, þar sem farið verði yfir óljós atriði og þau leyst, verktaki, eftirlit, byggingarstjóri og ráðgjafar (eftir þörfum). Lagt hefur verið upp með að halda opnu (ráðgjafar), þrisvar í viku, mán-mið-fös kl 13:00.*





Ekki hefur verið talin þörf á að funda undanfarið, eftirlit og verktaki verið í samskiptum hvað það varðar. Framleiðis mun eftirlit leggja upp með að vera á verkstað um 13:00 á umræddum dögum, farið verði þá yfir óljós atriði séu þau einhver.

**19. Teikningar og önnur gögn.**

Frá síðasta verkfundi (nr.53) hafa engar teikningar verið gefnar út.

Alls hafa því verið gefnar út  $346+107+107+204+25 = 789$  breyttar útgáfur teikninga. (arkit.+burð.+lagn.+rafl.+lóð), auk þess sem 37 nýjar útgáfur teikninga hafa verið gefnar út.

**20. Efnisúttegund / efnisvottorð.**

Frá síðasta verkfundi hefur verktaki engar efnissamþykktir sent inn.

Frá síðasta verkfundi hefur eftirlit engum efnissamþykktum svarað.

Óafgreiddar efnissamþykktir		
Efnissamþykkt	Ábyrgð	Skýring
#6.4-2-3.0 Þétting milli karms/steins	Munck	Eftirlit hefur tekið afstöðu til
#6.4-5.1 Festingar glugga	Munck	Eftirlit hefur tekið afstöðu til
#6.6-2.1 Smíðateikningar skyggna	Munck	Eftirlit hefur tekið afstöðu til
#6.6-3.0 Svalahandrið	Munck	Eftirlit hefur tekið afstöðu til

**21. Viðbótarsamningsverk.**

Ekkert bókað.

**22. Aukaverk.**

Verkkaupi og verktaki gengu frá nú í júní 2019, samkomulagi um uppgjóra kröfum og aukaverkum fyrir verkið, sjá nánar undir fundarlið 28 - Kröfur.

Verktaki vekur athygli á því að tími til verklokadagsetningar er knappur og kallar eftir skýrum verkfyrirmælum og beiðnum, komi til breytinga og eða aukaverka sem vinna þarf umfram samningsverk.

Verktaki vekur athygli á að þörf sé á að þrifa/skúra gólf eftir opunarhátíð.

Verktaki telur málun á köntum/sögunarrauf á kerfisloftaplötum ekki vera innifalið í einingaverði. Eftirlit er ekki sammála verktaka þar um, ljóst er að þetta þarf að framkvæma, verktaki setji vinnu af stað.

**23. Magntölur.**

- *Verktaki vekur athygli á að magn fyllinga í og utan grunns er nokkuð meira en magnskrá gerir grein fyrir. Verktaki mun leggja fram útreikninga/mælingar þess til uppgjors verkþáttar. Verktaki hefur skilað inn bráðabirgða útreikningum fyrir fyllingar, en á eftir að skila inn nákvæmari útreikningum.*
- *Verktaki hefur sent frá sér útreikninga varðandi magnaukningu á einangrun á grunnplötu.*
- *Athygli er vakin á því að flotilögn sé líklegast nokkuð vanáætluð í magnskrá.*

ÁH



- Verktaki vekur athygli á að líklega verði magnaukning í rafmagnsdósum og röralögnum, verktaki gerir grein fyrir því þegar gögn liggja fyrir.
- Verktaki hefur sent frá sér orðsendingu og mælibréf vegna magnaukninga í áklæðningu, hornáfellum og vatnsbrettum. Eftirlit hefur farið yfir og magntekið umrædda tilboðsliði, s.br. orðsending eftirlits nr. 100. Ráðgert að haldinn verði uppgjörsfundur í næstu viku þar sem farið verði yfir magn tilboðsliða tengdum klæðningu. Haldinn hefur verið fundur og er afgreiðsla þessa í ferli aðila á milla. Eftirlit hefur svarað orðsendingu verktaka varðandi kostnaðarauka á burðarkerfi.
- Verktaki vekur athygli á að magntölur kerfisloftaplatna séu á skjön við magnskrá.
- Upplýst um magnaukningu í tilboðslið 3.8.1 - Kjarnaborun. Eftirlit óskar eftir mælibréfi frá verktaka þannig að hægt sé að fara í uppgjör á umræddum verkþætti.
- Upplýst um magnaukningu í kúlulokum.
- Magn á timburklæðningu undir skyggni, yfir svölum og aðalanddyri er minna en magnskrá gerir ráð fyrir.
- Eftirlit hefur farið yfir og magntekið málun léttra veggja og bita, s.br. orðsendingu eftirlits nr. 085.
- Verktaki upplýsir um magnaukningu á stáli í skyggnum yfir svölum/aðalanddyri, kemur til með að senda frá sér mælibréf hvað það varðar.
- Verktaki bendir á að umfang handlista á baðherbergjum íverurýma hafi aukist frá útboðsstigi.
- Tilkynnt um magnaukningu í sprinklerlögnum, stútum og reykskynjara. Til komið vegna ráðstafanna sem gera þarf ofan kerfislofts á 4.hæð.
- Verktaki vekur athygli á að magnaukning sé á hornalistum, á úthornum veggja.

ÁH

ÁH

Aðilar sammála um að klára uppgjör á loknum og langt gengnum verkþáttum eins fljótt og kostur er. Eftirlit kallar eftir því að farið verði í uppgjör á þeim verkþáttum sem loknir eru og eða langt komnir, t.a.m burðarvirki og jarðvinna. Verktaki upplýsir að útreikningar burðarvirkis og verði lagðir fram í næstu viku.

Verktaki og eftirlit hafa hist á magnuppgjörsfundum. Æskilegt er að farið verði í magnuppgjör á tilboðsliðum eins og kostur er.

Verktaki lagði fram í síðustu viku útreiknaðar magntölur nokkurra tilboðsliða og óskaði eftir fundi með eftirliti til þess að fara yfir umræddar magntölur. Eftirlit óskaði eftir útreikningum verktaka, til stuðnings við umræddar nýjar magntölur verktaka, til yfirferðar og afgreiðslu. Verktaki verður ekki við því og telur grundvöll vera til magnuppgjörs með nýjum magntölum verktaka, án frekari útreikninga.

Verktaki hefur með orðsendingu sinni nr. 184 kallað eftir endurskoðaðri/uppfærðri magnskrá.

## 24. Rannsóknir. Ekkert bókað.



**25. Mælingar.**

Verktaki mældi inn og tók myndir af lögnum í inngarði áður en þær voru huldar, kemur til með að senda á eftirlit.

Verktaki tók ljósmyndir af lögnum sem hafa verið lagðar, þar sem byggingarkrani stóð áður. Verktaki sendi myndir á eftirlit.

**26. Bréf/orðsendingar.**

Verktaki hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 184. Eftirlit hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 162.

**27. Reikningar.**

Von er á framvindureikningi nr. 26 fljótlega.

**28. Kröfur.**

Verkkaupi og verktaki gengu frá nú í júní 2019, samkomulagi um uppgjör á kröfum og aukaverkum fyrir verkið og einnig nýjar verklokadagsetningar.

**29. Tafabætur.**

Ekki tekið fyrir.

**30. Rif gamla mannvirkja.**

Tengigangur kjallara; búið er að saga/brjóta gólfplötu og undirstöður í eldra húsnæði og steypa upp nýtt burðarvirki. Múrvinnu/aðlögun að eldri byggingu er lokið og stigi er kominn á verkstað.

Tengigangur, 1.hæð; Búið að saga/opna inn í eldri byggingu.

**31. Úttektir, byggingafultrúi.**

*Úttektir byggingafultrúa og byggingastjóra eru í samræmi við hefðbundið ferli. Sama gildir um úttektir eftirlits.*

*Óskað hefur verið eftir því að verktaki sendi frá sér afrit af teikningum/kortlagningu uppsettra eldvarnarborða. Verktaki hefur sent eftirliti myndir og yfirlitsmynd af þegar uppsettum eldvarnarborðum, skoða þarf möguleika þess að keyra út gögn úr forriti. Þannig að gögn séu aðgengileg eftir að verktíma lýkur (t.d. PDF).*

*Verktaki staðfestir að þeir sem aðgang hafa að verkefnavef þeirra (Procore) geti skoðað umrædd gögn. Óskað er eftir því að verktaki skoði frekar hvort hægt sé að keyra út gögn úr verkefnavef, ef ekki þarf að ganga úr skugga um að umrædd gögn séu sett fram á annan máta þannig að þau séu aðgengileg eftir framkvæmdatíma, t.a.m grunnmynd með tilvísun í ljósmyndir sem viðhengi. Verktaki mun skoða frekar, staðfesting á þessu þarf að liggja fyrir, fyrir öryggisúttekt.*

Úttektarskýrslur byggingarstjóra hafa verið settar inn á verkefnavef.

*Rætt var að frágangur þakflatar sé úttektarskyldur skv. byggingarreglugerð. Frágangur þakflata hefur verið tekin út jafnóðum, samhliða vinnu, heldur áfram þar til frágangi þakflatar er lokið að fullu. Óskað er eftir því að verktaki „rissi“ upp og geri grein fyrir hólfaskiptingu þakflatar. Verktaki hefur gert frekari grein fyrir á skissu og sent eftirliti.*

ÁH



*Fara þarf að huga að úttektum opinberra aðila.*

*Rætt um að fá úttekt heilbrigðiseftirlits á næstunni, Gísli kemur til með að boða til þess og upplýsa frekar um.*

GÓV

*Verktaki upplýsir að loftræsing verði gangsett í vikunni og farið verði í stillingar í næstu viku (15.júlí). Upp komu vandræði með brunalokur og loftræsing hefur því ekki verið gangsett, unnið er að undirbúningi og ráðgert að gangsetja á næstu dögum.*

Forúttekt eftirlits nr.1, frágangur á fyrstu til þriðju hæð fór fram dagana 3/4. júlí. Úttektarskýrsla var send á verktaka 5. júlí og vinnur verktaki að því að klára verkþætti og eða vinna úrbætur á, til samræmis við athugasemdalista. Verktaki mun kalla eftir úttekt þegar hann telur úrbótum lokið og tímabært að fara í úttekt að nýju.

**32. Verklök.**

*Samanber bókun undir fundarlið nr. 17 þá hefur verktaki afhent nýja uppfærða verkáætlun. Miðað við uppfærða verkáætlun (2019-05-21) verði verkinu lokið í áföngum þ.e. 28. júní og í heild sinni 1.ágúst 2019. Samkomulag er um umræddar nýjar skiladagsetningar verksins.*

Sjá frekar undir fundarlið nr. 17 – Verkáætlun.

**33. Samningslok.**

Verkkaupi og verktaki gengu frá nú í júní 2019, samkomulagi um uppgjör á kröfum og aukaverkum fyrir verkið og einnig nýjar verklokadagsetningar.

**34. Önnur mál.**

*Eftirlit óskar eftir að verktaki sendi frá sér skissu/lýsingu sem gerir skilmerkilega grein fyrir hvernig verklagi er háttað í hurðásetningu, í samræmi við umræður þar um. Verktaki er að vinna að og kemur til með að senda á eftirlit.*

*Eftirlit óskar eftir því að verktaki skoði útfærslu/vinnulag burðarkerfis állklæðningar og, þ.e. festingar lóðréttra prófíla við festivinkla. Í gögnum frá verktaka var gert ráð fyrir að lóðréttir burðarprófílar væru festir með 2stk hnoðum í hvern festivinkil, víða er einungis notast við 1stk hnoð. Óskað eftir að verktaki fari yfir heildstætt og geri frekari grein fyrir. Verktaki er að fara yfir þetta og mun gera grein fyrir.*

ÁH/JIG

*Fólkslyftur; verktaki er farinn að nota aðra fólkslyftuna, fyrst og fremst til efnisflutninga milli hæða. Verktaki upplýsir að BSI hafi tekið út lyfturnar og þar með sé í lagi að nota þær. Verktaki kanni hvort ekki þyrfti úttekt Vinnueftirlitsins áður en heimilt er að nota lyftur. Verktaki hefur sett varnir (masonite plötur) inn í lyftustól. Áréttað er að huga að og setja upp fullnægjandi varnir innan lyftustóls, svo að skaddist/skemmist ekki við notkun. Þjónustusamningur er frágenginn og ráðgerð úttekt á næstu dögum.*

*Verkkaupi kemur til með að ganga frá þeim þjónustusamningum sem honum ber. Er í ferli, verktaki vinnur að því að ganga frá því sem honum ber.*



*Flóttastigar eru væntanlegir á verkstað fljótlega og uppsetning þeirra í beinu framhaldi. Verktaki horfir til þess að fá djúpgáma á verkstað eftir að uppsetningu flóttastiga er lokið. Flóttastigar og djúpgámar eru frágengnir.*

*Gera þarf frekari grein fyrir masterskerfi innanhúss. Eftirlit mun skoða frekar og upplýsa um. Er í ferli.*

Rætt um frágang á bílastæðum, meðfram Sólvangsveg. Skoða hvort verktaki verði fenginn til að útvega og setja niður stoppara, meðfram göngustíg/Sólvangsvegi.

HÁ

Samþykkt fyrir hönd verktaka:

---

Samþykkt fyrir hönd verkkaupa:

---